

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

643. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 12. apríl 2010 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við félagsmálastjóra.
2. Viðræður við forstöðumann tæknideildar.
3. Bréf Ingva Þórs Loftssonar f.h. Húnavatnshrepps.
4. Aðalfundarboð Selaseturs Íslands ehf.
5. Fundargerð 773. fundar stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga.
6. Erindi Reginu Þórarinsdóttur.

Afgreiðslur:

1. Henrike Wappler, félagsmálastjóri er mætt til viðræðna við byggðarráð. Henrike lagði fram og kynnti skýrslu um félagsþjónustu Húnaþings vestra fyrir árið 2009. Skýrslan nær til félaglegrar heimaþjónustu, liðveislu við fatlaða, ferðaþjónustu við fatlaða og skiptingu fjárhagsaðstoðar. Fram kemur að þjónustuþegum fjárhagsaðstoðar og heimaþjónustu hefur fjölgað en þjónustuþegum liðveislu fatlaðra hefur fækkað nokkuð. Byggðarráð felur Henrike að fara yfir möguleg sérverkefni fyrir sumarið með öðrum forstöðumönnum sveitarfélagsins.
2. Ólafur H. Stefánsson, forstöðumaður tæknideildar mætti til fundarins og gerði byggðarráði grein fyrir skoðun sinni á lagningu hitaveitu norðan Hvammstanga. Byggðarráð felur Ólafi á að kanna áhuga íbúa fyrir lagningu hitaveitu frá Hvammstanga að Lindarbergi.
3. Fram lagt bréf Ingva Þórs Loftssonar f.h. Húnavatnshrepps. Í bréfinu er gerð grein fyrir tillögu að aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022. Tillagan er send Húnaþingi vestra til kynningar og yfirferðar og með ósk um ábendingar er kunna að snerta Húnaþing vestra. Samþykkt að vísa erindinu til skoðunar og umfjöllunar skipulags- og umhverfisráðs.
4. Fram lagt aðalfundarboð Selaseturs Íslands ehf. en fundurinn verður haldinn í Dæli þriðjudagskvöldið 20. apríl nk. kl. 20:00. Samþykkt að sveitarstjóri verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum og oddviti til vara.
5. Fram lögð til kynningar fundargerð 773. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Elín R. Líndal skýrði einstaka liði fundargerðarinnar.
6. Erindi Reginu Þórarinsdóttur lagt fram. Þar greinir hún frá því að hún hafi nýverið fest kaup á verslunarhúsnæðinu Löngufit, áður Bakka á Laugarbakka og óskar jafnframt eftir niðurfellingu fasteignagjalda af hálfu sveitarstjórnar í 2-3 ár. Byggðarráð hafnar erindinu.

Samþykkt að taka á dagskrá:

7. Sveitarstjóri og Stefán Böðvarsson gerðu grein fyrir fundi sem haldinn var í sl. viku með fulltrúum Umhverfisstofnunar, Landmælingum Íslands og Vegagerðinni sem sæti eiga í nefnd sem skipuð var af Umhverfisráðherra á árinu 2008. Á umræddum fundi var rætt var um skilgreiningu vegaslóða innan miðhálandislínu og utanvegaakstur. Þess var óskað að Húnaþing vestra færi yfir gögn sem lögð voru fram á fundinum og kynnti þau fyrir hagsmunaaðilum og myndi í framhaldinu skila tillögum um skilgreiningu og merkingu vegaslóða til verkefnisstjóra nefndarinnar. Byggðarráð felur forstöðumanni tæknideildar, umhverfisstjóra og formanni skipulags- og umhverfisráðs að annast þetta verkefni.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 11:45

Elín R. Líndal (sign)

Skúli Þórðarson (sign)

Guðný H. Björnsdóttir (sign)

Stefán Böðvarsson (sign)

Áheyrnarfulltrúi:

Oddur Sigurðarson (sign)